

**Niðurstaða kærunefndar í máli nr. 4/2006 um birtingu á viðskiptum félags með eigin bréf.**

Þann 27. júní 2006 komst Kærunefnd skv. lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 að þeirri niðurstöðu að viðskipti útgefenda með eigin bréf, sem skráð hafa verið í Kauphöll Íslands, falli ekki undir birtingarskyld viðskipti skv. 64. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl). Telur Kærunefndin í úrskurði sínum að með rýmkandi lögskýringu verði útgefendur að teljast fruminnherjar í skilningi vvl., en ekki stjórnendur í skilningi 64. gr. vvl.

Eru málavextir þeir að félag x átti viðskipti með eigin bréf og telur Fjármálaeftirlitið að samkvæmt 64. gr. vvl. beri útgefanda að senda upplýsingar um slík viðskipti þegar í stað til Kauphallar Íslands. Upplýsingarnar bárust hins vegar ekki Kauphöllinni fyrr en daginn eftir og ákvað stjórn Fjármálaeftirlitsins að sekta félagið um kr. 200.000,- vegna mistakanna. Byggði Fjármálaeftirlitið sektarákvörðun sína á þeim lagagrundvelli að félagið væri fjárhagslega tengt stjórnendum félagsins í skilningi 64. gr. vvl., sbr. skilgreiningu á fjárhagslega tengdum aðilum í 16. gr. reglna um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja nr. 670/2005. Er þessi ákvörðun í samræmi við sameiginlega túlkun Fjármálaeftirlitsins og Kauphallar Íslands á 64. gr. vvl. og almenna markaðsframkvæmd á tilkynningum um viðskipti með eigin bréf.

Eins og áður segir féllst kærunefndin ekki á framangreint og felldi ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssekt úr gildi. Úrskurð kærunefndar má finna í heild sinn hér: <http://www.idnarraduneyti.is/UrskVegnaFjarmala/nr/2056>

Telur Fjármálaeftirlitið það geta haft slæm áhrif fyrir markaðinn ef viðskipti með eigin bréf eru ekki birt í Kauphöll og hefur af þeirri ástæðu tekið ákvörðun um að leita til dómstóla til staðfestingar skilningi sínum á 64. gr. vvl. Beinir Fjármálaeftirlitið því til skráðra félaga að halda áfram uppteknum hætti varðandi upplýsingar til Kauphallar Íslands um viðskipti með eigin bréf þar til endanleg niðurstaða fæst í málinu, en brot á upplýsingaskyldunni varðar stjórnvaldssektum, sbr. 74. gr. vvl. eða sektum í refsímáli, sbr. 75. gr. vvl. Nánari röksemdarfærslu fyrir túlkun Fjármálaeftirlitsins á 64. gr. vvl. má finna hér: <http://www.fme.is/fme.nsf/pages/Frett24072006>